



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
SIÐFRÆÐISTOFNUN

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, miðvikudaginn 16. desember 2020, kl. 12:00. Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Elínborg Sturludóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir, Henry Alexander Henrysson. Páll Rafnar Þorsteinsson sat fundinn og skráði fundargerð.

*Þetta gerðist:*

1. **Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar** (áður send í tölvupósti).
  - Fundargerð samþykkt
2. **Skipan stjórnar:** Núverandi skipan stjórnar Siðfræðistofnunar rennur út á vormisseri. Áhugi stjórnarmanna til áframhaldandi setu kannaður.
  - ÁS hyggst ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Aðrir stjórnarmenn lýstu sig reiðubúna til þess að sitja áfram.
3. **Helstu atriði/verkefni frá síðasta fundi** (26. maí 2020).
  - a. Minningarfyrirlestur um Pál Skúlason
    - VÁ sagði frá vel sóttum minningarfyrirlestri um Pál Skúlason 5. júní s.l.
  - b. Verkefni og viðburðir sem slegið var á frest vegna samfélagslegra aðstæðna:
    - VÁ sagði frá verkefnum og viðburðum sem slegið var á frest vegna sóttvarnarráðstafana, þ.á m. heimsókn A.C. Grayling og málþingi í Skálholti (Bioethics and Political Philosophy).
  - c. Ráðgjafaráð stofnunarinnar - staðan og framhaldið
    - VÁ sagði frá undirbúningi að stofnun ráðgjafaráðs Siðfræðistofnunar, sem ætlað er að styrkja faglegt bakland hennar. Enn hafa ekki borist tilnefningar frá öllum aðilum sem leitað var til.
    - Fram kom það sjónarmið að æskilegt væri að leita eftir tilnefningu sem tengist umhverfismálum. Rætt um þann möguleika að fjölga í ráðgjafaráðinu um t.d. 5 til að hafa fleiri fagleg sjónarmið.
  - d. Umsagnir um frv.
    - PRP fór yfir umsagnir og umsagnarbeiðnir vegna frumvarpa o.þ.h.
  - e. Samstarf við Forsætisráðuneyti um eflingu trausts
    - PRP sagði frá viðtalsrannsókn um siðareglur og siðaklemmur meðal starfsfólks Stjórnarráðsins, sem er liður í undirbúningi að endurskoðun siðareglna og umgjarðar símenntunar á sviði opinberra heilnda. Nemandi í heimsspeki var fenginn til þess að framkvæma verkefnið og ráðinn sem sumarstarfsmaður í gegnum átaksverkefni VMST.
    - VÁ og PRP ásamt Emmu Björgu Eyjólfsdóttur unnu efni um samfélagsábyrgð fyrirtækja í einkageiranum, að beiðni Forsætisráðuneytisins, vegna skýrslu um viðbrögð við ábendingum Rannsóknarskýrslu Alþingis í kjölfar bankahrunsins.



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
SIÐFRÆÐISTOFNUN

- PRÞ sagði frá helstu atriðum í eftirfylgniskýrslu um aðgerðir stjórnvalda til eflingar trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu, sem skilað verður um áramót. Viðunandi árangur þrátt fyrir erfiðar aðstæður vegna Covid-faraldurs.
- f. Önnur verkefni:
- VÁ sagði frá verkefni sem fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og fjallaði um Covid-faraldurinn frá sjónarhóli stjórnmálaheimspeki, vísindaheimspeki, hagnýtrar siðfræði og femínisma. Verkefnið var unnið síðastliðið sumar og snýst því um fyrstu bylgju faraldursins en ekki framhaldið.
  - VÁ sagði frá verkefnum Emmu Bjargar Eyjólfsdóttur (doktorsnema), sem ráðin var í sumarstarf til að aðstoða við rannsóknir. Ráðningin var gerð í gegnum átaksverkefni VMST.
  - VÁ sagði frá áformum um að sækja um styrk frá Rannís í framhaldi af verkefni um siðferðileg vandamál tengd Covid-faraldrinum (sbr. lið f.i)
  - PRÞ sagði frá skipan nýrrar siðanefndar RÚV og tilgreindi fyrirbyggjandi verkefni nefndarinnar. Skipunartími siðanefndar rann út haustið 2019. Samþykkt var á fundi stjórnar þann 15.10. 2019 að tilnefna Pál Rafnar í siðanefnd RÚV í stað Guðmundar Heiðars Frímanssonar. Ekki var þó óskað eftir tilnefningum fyrr en í ágúst síðastliðnum þegar ný nefnd var loks skipuð.
  - PRÞ fór yfir uppgjör útgefninga titla hjá Háskólaútgáfunni. Staða Siðfræðistofnunar hjá HÚ er jákvæð. Fram kom að fara þarf í saumana á uppsöfnuðum kostnaði vegna eldri titla.
  - Lagt var til og samþykkt að stofnað skuli söfnunarnúmer hjá Háskólaútgáfunni sem jafnar tekjur og gjöld vegna útgáfu.
  - PRÞ sagði frá kenngæslu verkefnastjóra á haustmisseri: námskeiðið Stjórnámál og samfélag.

#### 4. Verkefni framundan

- a. Ársfundur Siðfræðistofnunar í jan. 2021 (ath tæknimál og dags. 15. jan.)
- VÁ lagði til að kynna Nýsköpunarverkefni um siðferðilegar spurningar tengdar Covid-faraldrinum á ársfundinum. Hugmyndir að framkvæmd ræddar. Samþykkt að VÁ móti efnislega framsetningu, PRÞ undirbúi tæknilega framsetningu. Dagsetning (15. janúar) samþykkt.
- b. Viðurkenning í nafni Viktors Frankl
- Samþykkt var að gefa ágóða af útgáfu bókarinnar *Leitin að tilgangi lífsins* eftir Viktor Frankl, upphæð 1m kr., til góðgerðamála tengdum velferð barna, skv. vilja höfundar. Stjórn



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
SIÐFRÆÐISTOFNUN

samþykkti að veita gjöfina til Kvænnaathvarfsins. Tímasetning og afhending í höndum VÁ og PRP.

- c. Útgáfa: Siðfræði og samtími – *Sjálfræði og fullorðið fólk með þroskahömlun*
  - ÁS sagði frá greinasafni sem er í bígerð. Rætt var að útgáfa í ritröðinni Siðfræði og samtími kæmi til greina. Efnið passar en meta þarf umfang greinasafnsins. Gera þarf kostnaðaráætlun áður en endanleg ákvörðun er tekin.
- d. Bioethics and Political Philosophy í Skálholti (9.–12. júní)
  - VÁ sagði frá stöðu undirbúnings og nýrri tímasetningu í júní 2021.
- e. Lýðræðislegt hlutverk háskóla (25. og 26. mars)
  - VÁ segir frá stöðu undirbúnings og nýrri tímasetningu vorið 2021.
- f. Heimsókn Grayling og minningarlestur um Pál Skúlason
  - Samþykkt var bjóða A.C. Grayling að flytja Pálsfyrirlestur haustið 2021. PRP falið að sjá um skipulagningu og samskipti við Grayling.
- g. Umsagnir og tilnefningar:
  - PRP sagði frá beiðni Menntamálaráðuneytis um ráðgjöf vegna umsagnar um tilmæli UNESCO varðandi siðferði og gervigreind.
  - Þórdís Helgadóttir var tilnefnd í siðanefnd Blaðamannafélags Íslands í stað Nönnu Teitsdóttur sem baðst lausnar vegna annríkis.
- h. Verkefni á vormisseri:
  - Samþykkt var að biða með frekari skipulagningu fram yfir ársfund og taka stöðu með hliðsjón af sóttvarnarreglum.
- i. Heimasíðan uppfærð
  - PRP sagði frá vinnu við uppfærðan vef stofnunarinnar. Vinna hefur tafist nokkuð. Vefstjóri áætlað að nýr vefur geti verið tilbúinn í febrúar 2021.

## 5. Önnur mál

Fundi slitið kl. 14:01